PRINSINN SKEMMTI SÉR KONUNGLEGA Á ÍSLANDI

— fór heim í gær að lokinni vikudvöl við veiðar



Þá er dvöl Karls Bretaprins á Íslandi lokið, en eins og kunnugt er hefur hann dvalið við veiðar í Hofsá í Vopnafirði síðastliðna viku.

Prinsinn var afskaplega ánægður með dvölina hér á landi og þá ró og næði sem hann fékk til veiða og skemmta sér. En eins og allir vita eiga slíkar persónur oft erfitt með að fara sinna ferða án þess að múgur og margmenni elti þær á röndum. Alls dvaldi Karl Bretaprins hér í 7 daga og veiddi á þeim tíma yfir 40 laxa. Var hann að vonum ánægður með það því hann er mikill veiðimaður. Ætti nóg af íslenzkum laxi að verða á borðum í Buckinghamhöll næstu dagana.

Flugvél úr þeirri deild brezka flughersins, sem sér um flutninga á ríkisstjórninni og konungsfjölskyldunni, sótti prinsinn í gærdag og yfirgaf hann landið laust eftir kl. 3. Áður hafði prinsinn og föruneyti hans, sem samanstóð af lífverði og nokkrum aðalsmönnum, þegið boð forsetans að Bessastöðum og neytt hádegisverðar hjá brezka sendiherranum.

Að sögn talsmanns Karls prins þá bað hann fyrir beztu kveðjur til allra þeirra sem höfðu gert honum dvölina hér eftirminnilega og þakkaði forráðamönnum Flugfélagsins Vængja sérstaklega fyrir mjög góða þjónustu.

Og hver veit nema að prinsinn birtist hér aftur einn góðan veðurdag til að renna fyrir lax, ef marka má ánægju hans yfir þeim tveimur skiptum sem hann hefur dvalið á Íslandi við veiðar. **JB**

Þegar hún langalangamma gekk upp að altarinu

— nýstárleg sýning í Þjóðminjasafni, Brúðkaup og brúðarskart

Brúðkaup og brúðarskart heitir sýningin, sem sett hefur verið upp í Þjóðminjasafninu Er sýningin að stofni til deild Íslands á sýningu sem haldin var á vegum Evrópuráðsins í Amsterdam. Ytra hét sýningin Ást og hjónaband, en einhverra hluta vegna hefur sýningin hlotið annað nafn á Íslandi.

Á sýningunni má sjá ýmsa skemmtilega hluti varðandi brúðkaup, flestir eru þeir fengnir að láni úr Þjóðminjasafninu. Sýningin er opin fram í september á sýningartímum safnsins, þ.e. frá kl. 1.30 til 4 alla daga vikunnar.

Myndin sýnir brúðarskart frá liðinni öld (DB-mynd Árni Páll).

Sýning á einkasafni Gunnars heitins Sigurðssonar

— myndir frá byrjunarárum margra þekktra listamanna

Sýning á málverkasafni Gunnars heitins Sigurðssonar, sem margir þekktu undir nafninu Gunnar í Geysi, var opnuð á laugardag að Kjarvalsstöðum.

Er hér um að ræða einkasafn hans og er það fyrir tilstilli ekkju hans, Guðrúnar Lilju Þorkelsdóttur, sem unnt er að koma þessum myndum fyrir almenningssjónir. Safnið er ummargt sérstætt. Þar er að finna myndir eftir marga þekkta íslenzka listamenn, sem voru Gunnari persónulega kunnugir og gáfu honum verk eftir sig af margvíslegu tilefni. Meðal þeirra sem eiga þarna verk eru Þorvaldur Kristjánsson, Nína Tryggvadóttir, Valtýr Pétursson, Jóhannes Jóhannesson, Snorri Arinbjarnar og Kristján Davíðsson, sem meðal annars málaði mynd af Gunnari sjálfum.

Myndirnar eru margvíslegar, allt frá tússlitamyndum og upp í stór olíumálverk. Sumt er auðsjáanlega einfalt riss. sem Gunnar hefur komizt yfir og haldið upp á sér til gamans en óneitanlega er gaman að sjá þetta nú, því þarna er um að ræða verk eftir suma helztu listamenn okkar í dag. **-JB.**



Alfreð Guðmundsson forstöðumaður Kjarvalsstaða við nokkur verkanna úr einkasafni Gunnars í Geysi (DB-mynd BB).



Blaðað í skattskrá Hafnarfjarðar og Kópavogs

Nafn	tekjuskattur	eignask.	útsvar	barnab.	samtals
Óttar Yngvason málflutningsm.	333.835	76.729	266.500	206.250	470.814
Ingþór Haraldsson framkvæmdastj.	125.815	8.332	170.400	150.000	151.547
Þorvarður Árnason framkvæmdastj.	364.983	80.416	289.100	37.500	696.999
Einar Sigurðsson fasteignasali	570.983	20.068	283.300		874.351
Ragnar Arinbjarnar læknir	1.064.550	14.392	452.800	150.000	1.494.242
Eyjólfur K. Sigurjónsson endurskoðandi	795.809	249.762	353.500	37.500	1.361.571
Þorvarður Eiríksson forstjóri	25.462	6.872	117.500	93.750	56.084
Skúli Guðnason endurskoðandi	729.856	4.290	322.400		1.056.540
Kristján Albertsson skipstjóri	217.927		239.600	93.750	359.777
Kristján Flygering verkfræðingur	1.295.234	29.007	457.200	37.500	1.743.941
Árni Grétar Finnsson málflutningsmaður	1.052.793	85.839	402.900	93.750	1.447.782
Jón Finnsson málflutningsmaður	578.497	6.859	257.600	37.500	805.450
Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra	781.871	25.330	405.700	93.750	1.115.151
Axel Kristjánsson framkvæmdastjóri	599.101	152.368	351.800	37.500	1.065.765

KEPPA UM STÖÐU AÐSTOÐARBANKASTJÓRA

Margir menn í hærri stöðum í Búnaðarbanka Íslands hafa sótt um starf aðstoðarbankastjóra þar, en umsóknarfrestur er nú útrunninn.

„Auglýsing um stöðu aðstoðarbankastjóra var orðuð þannig, að hún væri laus til umsóknar „eins og lögin heimila" sagði Stefán Valgeirsson, formaður bankaráðs Búnaðarbankans í viðtali við Dagblaðið. „Ákveðið var að ráða einn aðstoðarbankastjóra, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um, hvort þeir verða tveir," sagði Stefán Valgeirsson.

„Ég held, að allir offiserar bankans hafi sótt um starfið," sagði maður kunnugur málum við fréttamann DB.

Líklegt er talið, að Svavar Markússon deildarstjóri víxladeildar, komi til greina, sem og Hannes Pálsson útibússtjóri Búnaðarbankans. Þá er og engan veginn útilokað að báðir verði ráðnir. **-BS.**